

7. fundur vinnuhóps um leikskólamál haldinn í Þingborg 21. ágúst 2013 kl. 9:00

Mættir: Aðalsteinn Sveinsson oddviti, Karen Viðarsdóttir, Rannveig Bjarnfinnsdóttir, Hallfríður Aðalsteinsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskóla, Ingunn Jónsdóttir fulltrúi foreldraráðs, Halla Reynisdóttir fulltrúi fræðslunefndar og Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Einnig voru mættir Rúnar Magnússon húsvörður og Jón Friðrik Matthíasson frá teiknistofunni M2.

Farið yfir tímaramma með Jóni. Hann telur líklegt að hægt verði að bjóða út verkið fyrir næstu áramót. Æskilegt væri að láta vinna alla hönnun samhliða.

Karen ræddi um endurbætur á eldra húsnæði og sagði frá úttekt Húss og Heilsu á rakamælingum í húsnæðinu. Komið hefur fram að töluverður raki er í húsnæðinu. Mynda þarf lagnir og gera nauðsynlegar ráðstafanir.

Karen sagði það sitt mat að sem leikskólastjóri þyrfti að fara í endurbætur sem fyrst varðandi raka í húsinu. Bílskúr er ekki lengur notaður sem vagnageymsla og bráðabirgðarástafanir gerðar til geymslu vagna.

Karen kynnti einnig athugasemdir Heilbrigðiseftirlitsins dags. 26. apríl 2013.

Hún óskaði einnig eftir því að það væri bókað að hún var búin að óska eftir mælingum á hljóðvist en vinnuhópur tók ákvörðun um að fara í lagfæringu á hljóðvistinni þar sem fyrirbyggjandi væri að hljóðvist er ekki í lagi og að hana þarf að bæta.

Karen sagði að það þyrfti að vera opnanlegt fag í gluggum í anddyri gamla leikskólans vegna raka í anddyri.

Jón sagði að það þyrfti að kortleggja hvar lagnir eru í eldra húsnæði og væntanlega verður skipt um lagnir. Loftræsting verður sett upp samkvæmt nýrri reglugerð sem kemur til með að breyta lofti innanhúss, hljóðvist, dren og lagnir verða endurnýjaðir í vinnu við endurbætur á húsnæðinu.

Jón sagði að það þyrfti að öllum líkindum að setja dren, skipta um lagnir og við það myndi raki hverfa.

Aðalsteinn sagði það ekki nýjar upplýsingar að það væru ákveðin atriði sem þyrfti að laga. Eftir að ákvörðun var tekin um að hafa leikskólann áfram í Þingborg hafi vinnu verið hleypt af stað og hraðað eftir föngum.

Samþykkt að lagnir verði myndaðar hið fyrsta og tekin sýni úr gluggum í leikskóla.

Vinnuhópurinn telur að vinna sé á því stigi að hún er að komast á framkvæmdastig og eðlilegt að endurbætur taki mið af þeim. EF bregðast þarf við ákveðnum þáttum hratt þá verði það gert.

Rúnar spurði um bílskúr, hvort að gera ætti ráð fyrir honum áfram sem geymslu. Vinnuhópur telur að ef komið verður í veg fyrir raka með því að skipta um plötur í lofti sé rétt að nýta hann. Rætt um hvort setja megi upp skýli sem vagnageymslu og/eða hvort byggja eigi útigeymslu.

Rúnari falið að láta skipta um plötur í lofti bílskúrs.

Rætt um þurrskáp í anddyri leikskólans.

Ingunn sagði að eftir að vinnuhópur var stofnaður hafi mikil vinna verið unnin, vinnuhópur hafi fundað ört og kynna þurfi þá vinnu fyrir foreldrum. Stefnt er að fundi í byrjun september með foreldrum þar sem leikskólakennarar og skólaráð kynni vinnu vinnuhóps, tillögu að nýbyggingu og endurbótum á eldra húsnæði.

Burðarþol og lagnir, loftræstingu og rafmagn þarf að hanna og óska eftir tilboðum í þá liði þegar útlitsteikning er lengra komin.

Samþykkt að næsti fundur verði haldinn 5. september kl. 8:30

Audur Gunn

Ingunn Jóns

Rina Magni

Jón Friðrik Vatthósson

Halva Reynisdóttir

Kaia Vignar

Magnus P.